



ALPÝÐUSAMBAND ÍSLANDS



*Alþingi*  
*Erindi nr. P 135/964*  
*komudagur 17.12.2007*

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Reykjavík 13. desember 2007

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um útlendinga og réttarstöðu þeirra - 247. mál.**

Alpýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp til laga um útlendinga og réttarstöðu þeirra.

Á vettvangi félagsmálaráðuneytisins hefur Alpýðusamband Íslands tekið þátt í vinnu starfshóps um endurskoðun laga um atvinnuréttindi útlendinga. Þeirri vinnu lauk fyrir nokkru með því að starfshópurinn skilaði ráðherra sameiginlegum tillögum sínum í formi lagafrumvarps.

Í framangreindri niðurstöðu starfshópsins er að finna tillögur um umfangsmiklar breytingar á lögnum um atvinnuréttindi útlendinga sem miða m.a. að því að skilgreina betur réttindi þeirra útlendinga sem hingað koma til starfa á grundvelli atvinnuleyfa, sem og maka þeirra og barna. Eitt af mörgu sem þar er lagt til er að atvinnuleyfi verði í framtíðinni veitt útlendingi til starfa, en ekki eins og nú er að leyfið sé veitt fyrirtæki. Einnig er útlendingum með tímabundin atvinnuleyfi skapaður möguleiki á því að skipta um starf, sem ekki er í núgildandi lögum. Þá eru settar inn heimildir til útgáfu atvinnuleyfa af mannúðarástæðum og til maka, svo fátt eitt sé nefnt.

Af framansögðu má ljóst vera að tillögur þær sem ASÍ stendur að og hér hefur verið vitnað til ganga að mörgu leyti í sömu átt og frumvarp það sem hér er til umfjöllunar, þ.e. mál nr. 247. Alpýðusambandið væntir þess að frumvarp það sem Alpýðusambandið stendur að og unnið var í félagsmálaráðuneytinu verði bráðlega lagt fyrir Alþingi og fá þar brautargengi.

Virðingarfyllst,

Halldór Grönvold,  
aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ